

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Þvottabirnir (12)** (Raccoons). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Leikraddir Hallur Helgason og Helga Sigríður Harðardóttir. Þýðandi Þorsteinn Þórhalsson.
- 18.15 **Ruslatunnukrakkarnir** (Garbage Pail Kids). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Krakkahópur, sem breytt hefur útliti sínu með ótrúlegum hætti, lætur sér fátt fyrir brósti brenna í baráttu sinni fyrir réttlæti. Þýðandi Þrándur Thor-oddsson. Leikraddir Magnús Ólafsson.
- 18.45 **Táknálsfréttir.**
- 18.50 **Bundinn í báða skó** (Ever Decreasing Circles). Breskur gamanmyndaflokkur með Richard Briers í aðalhlutverki. Þýðandi Ólafur B. Guðnason.
- 19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Á færtugsaldrí** (Thirtysomething). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 21.20 **Samleikur á gítar og orgel.** Simón Ivarsson og Órthulf Prunner leika.
- 21.25 **Læknar í nafni mannúðar** – Kinahafið (Medicins des Hommes: Mer de Chine). Leikinn, franskur myndaflokkur þar sem fjallað er um störf lækna á ströðsvæðum víða um heim. Í Kína ríkir víða gífurleg fátækt, ekki síst meðal þess fólks sem býr í bátum við strendur landsins. Þýðandi Pálmi Jóhannesson.
- 23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**



- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Valdabaráttan** Golden Gate. Þegar Jordan, sonur dagblaðs-eiganda, er skyndilega kvaddur heim vegna veikinda föður síns. Honum er tilkynnt að hann hafi tíu daga frest til að bjarga fyrirtækinu frá gjaldþroti. Aðalhlutverk: Perry King, Richard Kiley, Robyn Douglas, Mary Crosby, John Saxon og Melanie Griffith.
- 19.19 **19.19.** Fréttur, veðri, íþróttum og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð frískleg skil.
- 20.00 **Mikki og Andrés.** Mickey and Donald. Uppáttakarsmíð þeirra félaga kemur allri fjölskyldunni í gott skap.
- 20.30 **Kæri Jón.** Dear John. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur með gamansömu yfirbragði. Aðalhlutverk: Judd Hirsch, Isabella Hofmann, Jane Carr og Harry Groener.
- 21.00 **Dagbók smalahunds.** Diary of a Sheepdog. Hollenskur framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Jo De Meyere, Ko van Dijk, Rudy Falkenhagen og Bruni Heinke.
- 22.10 **Dýrarikið.** Wild Kingdom. Ein ættkvísl fugla er kölluð brúsaætt en til hennar teljast meðal annarra lömurinn og himbirinn.
- 22.35 **Stræti San Francisco.** The Streets of San Francisco. Bandarískur spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Michael Douglas og Karl Malden.
- 23.25 **Heimsvíkmótíð í skák** Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar 2, sér um daglegar sjónvarpsútsendingar frá mótiinu sem fram fer í Skelleftra í Svíþjóð.
- 23.45 **Willie og Phil** Myndin í kvöld fjallar um tvo aðalleikarar sem mæstast að lokinni frumsýningu og takast með þeim kynni sem síðar leiðir til ástarsambands. En ekki er öll sagan sögð því inn í sambandið er flæktur þriðji aðiliinn sem einnig er hrifinn af stúlkuinni. Aðalhlutverk: Michael Ontkean, Ray Sharkey og Margot Kidder.
- 01.40 **Dagskrárlok.**

PURRUBLÓÐIN VERÐA AÐ VERA ÓSKEMMD

og þau þarf að hreinsa reglulega. Slitin purrkublóð margfalda áhættu í umferðinni.

UMFERDAR RÁÐ

RÁS 1
FM 92,4/93,5

- 6.45 **Veðurfreginir.** Bæn, séra Arnfríður Guðmundsdóttir flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið** með Ingvaldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfreginir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti: kl. 7.30. Ólafur Oddsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn:** Ævintýrið um hugrókku Rósu. Ævintýri úr bókinni Tröllagil og fleiri ævintýri eftir Ellu Dóru Ólafsdóttur. Bryndis Schram flytur. (Síðari hluti.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00. Áður á dagskrá 1985.)
- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn.** Lesið úr forustu-greinum landsmálablaða.
- 9.45 **Búnaðarþátturinn** – Um jarðræktarmál. Óttar Geirsson flytur.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir.**
- 10.30 **Húsin í fjörunni.** Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri)
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Að eldast. Umsjón: Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (4).
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Á frivaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskálög sjómanna. (Einnig útvarpað nk. laugardagsmorgun kl. 6.01.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Gestaspjall** – Þetta ætti að banna. Kommúnistamerki á Gullna hliðinu. Umsjón: Viðar Eggertsson. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagskvöldi.)
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið** – Skólinn byrjar. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdeggi** – Sinding, Svendsen og Nielsen.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Fyll'ann,** takk. Gamanmál í umsjá Spaugstofunnar. (Endurflutt frá laugardegi)
- 18.10 **Á veltvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ólafur Oddsson flytur.
- 19.37 **Um daginn og veginn.** Hrafn Sæmundsson atvinnumálafulltrúi talar.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Ævintýrið um hugrókku Rósu. Ævintýri úr bókinni Tröllagil og fleiri ævintýri eftir Ellu Dóru Ólafsdóttur. Bryndis Schram flytur. (Síðari hluti.) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Barokktónlist** – Scarlatti, Sarri og Bach.
- 21.00 **Aldarbragur.** Umsjón: Helga Guðrún Jónsdóttir. Lesari: Ólafur Haraldsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi.)
- 21.30 **Útvarpsagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökulsson les þýðingu sína (6).
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.15 **Veðurfreginir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.20 **Bardagar á Íslandi** – Er það eigi meðalskömm. Þriðji þáttur af fimmm um ófríð á Sturlungaöld: Flóabardagi. Umsjón: Jón Gauti Jónsson. Lesarar með honum: Erna Indriðadóttir og Haukur Þorsteinsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
- 23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 **Veðurfreginir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS 2
FM 90,1

- 7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15.

- 9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytindahorn kl. 10.05 og afmælskveður kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03 og gluggað í heimsblóðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Milli mála.** Magnús Einarsson á útkikki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veidihornið rétt fyrir fjögur.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lisa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Kristinn R. Ólafsson talar frá Spáni. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
- 18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Afram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Kristjana Bergsdóttir og austfirskir unglingar.
- 22.07 **Rökk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Einnig útvarpað að faranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 1.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bitíð kl. 6.01.)
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Lögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á Rás 1.)
- 3.00 **Næturnótur.**
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Gleisur.** Úr dægurmálaútvarpi mánuðagsins.
- 4.30 **Veðurfreginir.**
- 4.40 **Á veltvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Afram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00.



- 7.00 **Páll Þorsteinsson.** Morgunþáttur fyrir fólk sem vill fylgjast með því sem er að gerast í þjóðlífinu.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Með rómantikina á hreinu og ljúfu lögin sem þú vilt heyra.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Gömlu lögin, nýju lögin og allt þar á milli. Óskálög og afmælskveður.
- 17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson** – Reykjavík síðdegis. Hér er tekið á mállefnum sem varða okkur öll, leggðu þína skoðun fram og taktu þátt í umræðunni. Síminn í Reykjavík síðdegis er 61-11-11.
- 19.00 **Snjóflutur Teiðsson.** Þægileg tónlist í klukkustund.
- 20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Íþrótta-deildin kemur við sögu. Talmálsliðir og tónlist eru á sínum stað hjá Dodda.
- 24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 10, 11, 12, 13 og 14.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** mættur á morgunvaktina. Fylgst með mállefnum liðandi stundar og fólk tekið tali. Fimm fréttamenn með fréttir kl. 8 og 10.
- 9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Ávallt ungur í anda og hress í bragði. Hádegisverðarþotturinn, Bibba í heimsreiðu o. fl. Fréttastofan kl. 12 og 14. Sjórmskotið kl. 11 og 13.
- 14.00 **Margrét Hrafnisdóttir.** Nýjustu og heitustu lögin í dag. Kl. 16.30 er Stjórmskál dagsins valið og kl. 18.15 er Talað út: Eldhúsdagsmæður í léttum dúr og ljúf tónlist. Fréttir kl. 14 og 18. Sjórmskotið kl. 15 og 17.
- 19.00 **Kristófer Helgason.** Tónlist fyrir fólk á rúntinum, í útilegu, heima að hvíla sig eða hvar sem er. Síminn hjá Kristó er 68-19-00. Hringdu og vertu með.
- 24.00 **Næturvakt Stjórnnunnar.**



7.00Hördur Arnarson.

- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 13.00 **Hörður Arnarson.**
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 19.00 **Steinnunn Halldórsdóttir.**
- 22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** 1.00 – 7 Páll Sævar Guðnason.



- 9.00 **Rötartónar.**
- 12.00 **Síjóni stúð.**
- 13.30 **Áf veltvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. E.
- 15.30 **Um Rómönsku Ameríku.** Mið-Amerikunefndin. E.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslífi.
- 17.00 **Laust.**
- 18.00 **Á mannlegu nótnum.** Flokkur mannsins.
- 19.00 **Bland í poka.** Tónlistarþáttur í umsjá Ólafs Hrafnssonar.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Bragi og Þorgeir.
- 21.00 **FRAT.** Tónlistarþáttur með Gauta Sigbórssyni.
- 22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Hilmaris Þórs Guðmundssonar.
- 23.30 **Rötardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttítt.
- 24.00 **Næturvakt** a la Ívar & Sigbór.



- 4.30 **Viðskiptaþáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttarþáttur.
- 10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
- 11.00 **Another World.** Sápúopera.
- 11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
- 12.50 **As the Worlds Turns.** Sápúopera.
- 13.45 **Loving.**
- 14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
- 14.45 **Sylvanians.** Teiknimyndasería.
- 15.00 **Poppþættir.**
- 16.00 **The Young Doctors.**
- 16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
- 17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikaþættur.
- 18.00 **Sale of the Century.** Spurningaþáttur.
- 18.30 **Voyagers.** Spennumyndaflokkur.
- 19.30 **Me Natalie.** Kvikmynd.
- 21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
- 22.30 **Legendary Ladies.** Tónlistarþáttur.



- 13.00 **Going in Style.**
- 15.00 **Animals Are Beautiful People.**
- 17.00 **A Chorus Line.**
- 19.00 **Dirty Dancing.**
- 21.00 **Hamburger Hill.**
- 23.00 **Revenge of the Nerds II.**
- 00.30 **The Hitchhiker.**
- 01.00 **The Boy Next Door.**
- 03.00 **A Chorus Line.**



- 9.30 **Hjólreiðar.** Stórmót í Frakklandi.
- 10.30 **Golf.** Opna þýska meistaramótið.

- 11.30 **Frjálsar íþróttir.** Unglingameistararnót Evrópu. 12.30 **Mótorhjólakappakstur.** Grand Prix mót í Tékkóslóvakíu.
- 15.30 **Íþróttaþykning Eurosport.**
- 16.00 **Snóker.** Opna Ásiamótið.
- 17.00 **International Motor Sport.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
- 18.00 **Frjálsar íþróttir.** Unglingameistararnót Evrópu.
- 19.00 **Eurosport – What a Week!** Lítið á helstu viðburði liðinnar viku.
- 20.00 **Hnefaleikar.** Eftirminnlegir atburðir úr heimi hnefaleika.
- 21.00 **Mótorhjólakappakstur.** Grand Prix mót í Tékkóslóvakíu.
- 22.00 **Snóker.** Opna Ásiamótið.



- 13.30 **Poppþáttur.**
- 14.30 **Hottline.**
- 16.30 **Poppþáttur.**
- 17.30 **Foley Square.**
- 18.00 **High Chaparral.** Yestrarþáttur.
- 18.55 **Cassie og Co.** Sakamálaþáttur.
- 19.50 **Fréttir og veður.**
- 20.00 **Discovery Zone.**
- 22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

Mánudagur 28. ágúst



Lögreglan í San Francisco eltir glæpamenn uppi um stræti borgarinnar.

Stöð 2 kl. 22.35:

Stræti San Francisco

Félagarnir Mike Stone og Steve Keller eru löggur í San Francisco og komast oft í hann krappan. Í þessum þætti lendir Mike Stone, sem leikinn er af Karl Malden, í gislingu hjá unglingaklíku nokkurri. Ungu glæpamennirnir kalla ekki allt ömmu sína og heimta skipti á Stone og foringja

klíkunna en hann situr inni fyrir morð á lögreglu-manni. Þegar lögregluþing-völd neita skiptunum verður Stone að taka til sinna ráða og hugsa og framkvæma hratt. Aðstoðarmaðurinn, sem leikinn er af Michael Douglas, kemur vini sínum til hjálpar.

-JJ



Fjallað verður um aldur sem tímahugtak í þættinum í dagsins önn.

Rás 1 kl. 13.05:

Í dagsins önn – að eldast

Hvenær verður fólk gamalt? Getur verið að maður sé búinn að lifa í meira en hundrað daga þegar maður er bara fimm ára?

Í þættinum í dag leggja umsjónarmenn þáttarinnar, Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir, þessa spurningu fyrir unga Íslendinga. Spjallað verður við þurði Pálsdóttur um það að eldast og Ásdís

Óskarsdóttir segir sögur af börnum og afstöðu þeirra til tímahugtaksins.

Þá les Arnhildur Jónsdóttir upp kvæði sem fannst hjá gamalli konu er lá á langlgedild í Skotlandi og virtist ekki sýna umhverfi sínu neinn áhuga. Annað kom í ljós við lestur kvæðisins sem fannst eftir dauða hennar.

-JJ

Sjónvarp kl. 19.20:

Ambáttin Isaura

Saga Isauru hefur snert hjórtu sjónvarpsáhorfenda víða um heim. Þátturinn hefur hlotið góðar viðtökur hér á landi en nú er farið að halla að sögulokum.

Á ýmsu hefur gengið í lífi Isauru. Nú er hún komin til borgarinnar ásamt föður sínum en lætur lítið fara fyrir sér. Eftir allar raunirnar á setrinu og dauða Tóbíasar virðist komið jafnvægi á líf hennar. Ungur maður gerir hosur sínar grænar og færir henni pianó að gjöf. En hann veit ekki að Isaura er leysingi og hún getur ekki sagt honum það og reynir því að forðast hann. Í næstu þáttum fá



Leysinginn Isaura heillar marga með fríðleik sínum og hæfileikum.

áhorfendur að vita hvort vandamál Isauru leysast og hún lifir hamingjusöm það sem eftir er.

-JJ